

FRÁSÖGN*af fundi þingmannanefndar EFTA í Brussel 21. febrúar 2011*

Þingmannanefnd EFTA kom saman til fundar í Brussel 21. febrúar sl. Af hálfu Íslandsdeildar þingmannanefndar EFTA sóttu fundinn Árni Þór Sigurðsson formaður, Valgerður Bjarnadóttir varaformaður, Jónína Rós Guðmundsdóttir, Sigmundur Davíð Gunnlaugsson og Þorgerður K. Gunnarsdóttir auk Stígs Stefánssonar ritara.

Helstu dagskrárliðir fundarins voru staða og framtíð EES-samningsins. Umræðum um þau mál var skipt í umræðu fræðimanna og fulltrúa framkvæmdastjórnar ESB. Þá boðaði nefndin sendiherra EFTA-ríkjanna í Brussel á lokaðan fund þar sem fram fóru opinskáar umræður um stöðu EES-samningsins og tvíhliða samninga Sviss og ESB, þróun og framtíðarhorfur auk þess sem þingmenn og fulltrúar sendiráðanna deildu reynslu sinni af samskiptum við stofnanir ESB á grundvelli EES-samningsins.

Í umræðu fræðimanna hélt Fredrik Sejersted, prófessor í Evrópurétti við háskólann í Ósló og formaður nefndar norskra stjórnvalda til þess að gera yfirgripsmikla úttekt á EES, erindi um Noreg og EES. Hann kynnti starf nefndarinnar sem tók til starfa í ársbyrjun 2010 og ætlað er að skila niðurstöðum í lok þessa árs. Nefndin skal samkvæmt starfsumboði sínu meta áhrif EES-samningsins og annarra samninga sem Noregur hefur gert við Evrópusambandið og jafnframt stuðla að málefnalegri Evrópuumræðu í Noregi. Nefndin er einkum skipuð aðilum úr fræðasamfélaginu og kallar sérfræðinga til liðs við sig og lætur taka saman skýrslur um einstaka þætti Evrópusamvinnu Noregs eftir þörfum á meðan á úttektinni stendur. Þá stendur nefndin fyrir fundaröð um Evrópumál í Noregi á yfirstandandi vori. Í máli Sejersteds kom fram að EES-samningurinn hafi staðist tímans tönn þrátt fyrir að honum hafi verið ætlaður mun styttri líftími. En að sama skapi hefðu ytri aðstæður samningsins, stofnanauppbygging ESB og sáttmálar þeir sem sambandið grundvallast á þróast á þann hátt að æ örðugra væri fyrir aðila samningsins að greina milli þeirra mála er féllu innan samningsins og þeirra er féllu utan gildissviðs EES. Til þessa hefði tekist að koma í veg fyrir stórfelldan vanda en með tilkomu Lissabonsáttmálans hefði orðið erfiðara að greina á milli EES-tækra mála og þeirra er féllu utan EES. Sagði hann að með þetta stef að leiðarljósi mundi EES-nefndin norska reyna að benda á leiðir til úrbóta og væri þar ekkert undanskilið.

René Schwok, prófessor við háskólann í Genf, hélt erindi um samvinnu Sviss og ESB sem byggist á fjölda tvíhliða samninga. Sviss tengist innri markaði ESB en nokkur spenna er um þróun samstarfsins til framtíðar. ESB vill að Sviss taki upp regluverk sambandsins nánast sjálfkrafa eins og gildir um EFTA/EES-ríkin en Sviss hefur neitað slíkri leið og sagt hana brjóta í bága við fullveldi sitt. Þá er deilt um bankaleynd í Sviss og möguleika til skattlagningar á innstæður ESB-borgara þar í landi. Schwok sagði Svisslendinga ekki hafa haft meiri efasemdir um Evrópusamvinnuna um 20 ára skeið og skrifaðist það annars vegar á vænlegri stöðu efnahagsmála í Sviss en innan sambandsins og hins vegar á slæma ímynd ESB þar í landi. Sterk andstaða væri gegn hugmyndum um að Sviss gengi í EES og skýrðist það einkum af þremur þáttum, fullveldisrökum, efnislegum rökum eins og andstöðu við þjónustutilskipunina, og sjálfsmynd þjóðarinnar sem litaðist af þjóðaratkvæðagreiðslunni 1992 þar sem aðild að EES var hafnað.

Marc Maresceau, prófessor við háskólann í Ghent, fjallaði um EES-samstarfið frá sjónarhóli ESB og sér í lagi um yfirlýsingu ráðherraráðs ESB frá 14. desember sl. um samstarfið við EFTA-ríkin. Í yfirlýsingunni er boðað að samvinnan við EFTA-ríkin aukist enn á komandi árum og hvatt til þess að úttekt á henni fari fram af hálfu ESB á næstu tveimur árum samhliða úttektum í Noregi og Liechtenstein. Meðal þess sem skoða skal í úttekt ESB er hvort núverandi stofnanauppbygging EES-samningsins svari kalli tímans eða hvort hana skuli þróa og nýrra

lausna leitað. Að síðustu segir að við úttekt ESB skuli hafa í huga mögulegar breytingar á aðild að EES. Maresceau, sem var framkvæmdastjórn ESB og ráðherraráðinu til ráðgjafar í aðdraganda yfirlýsingar ráðherraráðsins, sagði að sitt mat væri að þegar kæmi að EES/EFTA-ríkjunum þá væri samstarfið við ESB afar farsælt og að lítil vilji væri til afgerandi breytinga af hálfu ESB. Hins vegar væru mál öllu snúnari er kæmi að samskiptum Sviss og ESB þar sem viss kergja einkenndi afstöðu ESB sem liti svo á að tvíhliða fyrirkomulag það sem við lýði er, væri viss þröskuldur fyrir virkni innri markaðarins. Þá ræddi Maresceau nokkuð um vilja ESB til að nýta EES-samninginn sem fyrirmynd að því að útvíkka innri markaðinn til smárikja í Evrópu á borð við San Marínó, Andorra og Mónakó. Það yrði þó aðeins gert með vilja EES/EFTA-ríkjanna sem kynni ekki að vera auðsótt.

Að lokum flutti Peter Meyer, fulltrúi nýskipaðrar utanríkisþjónustu ESB (EEAS), erindi um fyrrnefnda yfirlýsingu ráðherraráðs ESB og það starf sem framundan væri á grundvelli helstu niðurstaðna yfirlýsingarinnar. Sagði hann að verið væri að leita leiða til að endurbæta bæði tæknilega útfærslu EES-samningsins og líka á hvern hátt væri hugsanlega hægt að útfæra hann í ljósi þeirra umfangsmiklu breytinga sem átt hefðu sér stað á umliðnum 15 árum. Sagði hann að rótin að þessu starfi lægi ekki í því að um stórfelld vandamál væri að ræða heldur frekar í hinu að ESB vildi vera reiðubúið ef miklar breytingar yrðu á umgjörð EES.

Í umræðu um stjórn málaþróun í EFTA-ríkjunum gerði Árni Þór Sigurðsson grein fyrir því að forseti Íslands hefði daginn áður synjað staðfestingar nýjum lögum frá Alþingi um Icesave-samkomulag. Hann fór nokkrum orðum um bakgrunn Icesave-málsins sem hlotið hefur ítrekaða umfjöllun í þingmannanefnd EFTA, sér í lagi eftir aðkomu Eftirlitsstofnunar EFTA að málinu, og gerði jafnframt grein fyrir þeim viðbrögðum stjórnvalda að stefna að þjóðaratkvæðagreiðslu um málið við fyrsta tækifæri. Þá greindi Árni Þór frá ógildingu Hæstaréttar á kosningum til stjórnlagabings og sagði nefnd að störfum við að móta viðbrögð stjórnvalda við úrskurðinum. Að síðustu fjallaði Árni Þór um stöðu aðildarviðræðna Íslands og Evrópusambandsins og sagði frá yfirstandandi rýnivinnu. Hann taldi líklegt að eiginlegar samningaviðræður mundu hefjast í lok júní og þá yrðu fyrstu samningakaflar opnaðir.

Frekari upplýsingar má nálgast hjá ritara Íslandsdeildar og á vefsvæðinu www.efta.int.